

## 57. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund þriðjudaginn 4. maí 2004 í fundarsal ráðhússins kl. 18:15.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, formaður.  
Dagný Þórisdóttir,  
Helgi Haraldsson,  
Guðmundur Kristinsson,  
Þorgrímur Kristinsson,  
Sveinn Björnsson, byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Reitarvegur 8. Útlitsbreyting.  
Sigurður Páll Jónsson, Valdimar Kúld og Kristinn Gestsson, sækja um leyfi til að lyfta þaki á helmingi hússins við Reitarveg 8, samkv. Teikningum Erlars Kristjánssonar verkfræðings. Dags. okt. 2003  
Erindinu frestað. Óskað er eftir skriflegu samþykki annarra eigenda á breytingum við Reitarveg 8.
2. Skúlagata 2. Heimkeyrsla að íbúðarhúsnæði.  
Ólafur Sighvatsson óskar eftir leyfi til að gera heimkeyrslu að íbúðarhúsnæði sínu. Vísað er í bréf dags. 14 apríl 2004.  
Erindið tekið fyrir og byggingarfulltrúa falið að leysa málið til bráðabirgða.
3. Ásklif 6. Skjólgirðing, sólpallur.  
Smári Axelsson og Þórheiður Gunnlaugsdóttir óska eftir leyfi til þess að byggja skjólgirðingu og sólpall.  
Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald 2.500 kr.
4. Umhverfismál.  
Rætt var um umhverfismál almennt og samþykkt að hefja aðgerðir samanber síðustu fundargerð. Nefndin mun koma ábendingum til viðkomandi aðila fyrir 15. maí nk.
5. Vorhreingerning.  
Samþykkt að leggja til að árleg vorhreingerning verði 22. – 28. maí nk.
6. Bifreiðastöður og aðkoma hópbifreiða við Höfðagötu.  
Ítrekað hefur verið kvartað yfir umferð hópbifreiða á Höfðagötu og leggur Skipulags- og byggingarnefnd til að:
  - a) Umferð hópbifreiða verði bönnuð við Höfðagötu norðanverðu. Sett verði skilti , akstur hópbifreiða bannaður við gatnamót Skólastígs og Höfðagötu við hús nr. 9
  - b) Umferð verði bönnuð upp Skólastíg frá Höfðagötu norðanverðu, að gatnamótunum vestan dvalarheimilis.
  - c) Höfðagötu verði lokað á milli Skólastígs 5 og 7.
7. Uppsögn byggingarfulltrúa.  
Byggingarfulltrúi hefur sagt upp störfum.  
Ástæða uppsagnarinnar er sú að honum hefur verið boðið annað starf.

Byggingarfulltrúi mun láta af störfum 11. júní nk.

8. Önnur mál.

- 1) Sýning Embla á Sumardaginn fyrsta.  
Emblur héldu sýningu á Skipulagstillögum Stykkishólmsbæjar fyrr og nú á Sumardaginn fyrsta, vill nefndin lýsa ánægju sinni með sýninguna.
- 2) Samþykkt að auglýsa leyfisskyldar framkvæmdir í Stykkishólmspóstinum.
- 3) Lagt var fram bréf Gullvers s/f dags. 24. apríl 2004.
- 4) Agnar Jónasson óskar eftir að fá að stækka plan við Nesveg. Vísað er í bréf dags. 3. maí 2004. Erindinu hafnað á þeim forsendum að ekki er gert ráð fyrir þess háttar starfsemi inni í íbúðarhverfi.
- 5) Dagný Þórisdóttir sagði frá vinnu við stöðumat í sambandi við Staðardagskrá 21.
- 6) Guðmundur Kristinsson spurði um bílskúr við Áskinn 1. Viðeigandi gögn hafa ekki borist með umsókn um byggingarleyfi.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:55.

Greinar D. Pálsson,(sign.), Dagný Þórisdóttir,(sign.), Helgi Haraldsson,(sign.),Guðmundur Kristinsson,(sign.), Þorgrímur Kristinsson,(sign.), Sveinn Björnsson,(sign.).